

**Ed.**

**297. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54., 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp. Breytingar þær, sem gerðar eru á núgildandi tolllögum eru þær, sem nú skal greina:

1. að tollur af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna er hækkaður úr 2 krónum upp í 3 krónur af litra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika úr 3 kr. upp í 4 kr. af litra, og yfir 12° og alt að 16° styrkleika úr 4 kr. upp í 5 kr. af hverjum litra.
2. að tollur af óbrendu kaffi og kaffibæti er hækkaður úr 30 aurum á hverju kíló upp í 60 aura.
3. að tollur af brennu kaffi er hækkaður úr 40 aurum upp í 80 aura á hverju kíló.
4. að tollur af tegrasi er hækkaður úr 1 kr. upp í kr. 1,50 á hverju kíló.
5. að tollur af súkkulade er hækkaður úr 50 aur. á hverju kíló upp í 75 aura og
6. að tollur af kakaódufti er hækkaður úr 30 aurum upp í 50 aura á hverju kíló.

Þó tollar sju orðnir afarháir, og jafnvel hærrí en góðu hófi gegnir, þá sjer nefndin sjer ekki annað fært, fjárhagsins vegna, en að fallast á frumvarpið, og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1921.

Sig. Eggerz,  
formaður.

Guðm. Ólafsson,  
fundaskrifari.

Sigurjón Friðjónsson.

Björn Kristjánsson,  
framsögum. og ritari.

Guðjón Guðlaugsson.